



Borgarráð

Lambhagavegur 10 - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Íslenska fjallatrúkkafélaginu ehf., kt. 431115-0850, um 5.389 m² lóð að Lambhagavegi 10, 113 Reykjavík, auk 3.115 m² byggingarréttar ofanjarðar.

Gatnagerðargjald, miðað við 3.115 m² byggingar ofanjarðar, er áætlað 69.832.070 kr.

Lóðin hefur verið auglýst til sölu á 63.857.500 kr. án þess að hún hafi selst. Íslenska fjallatrúkkafélagið hefur óskað eftir að greiða 53.857.500 kr. byggingarréttinn þar sem búið var að færa byggingarreit innan lóðarmarka þegar umsóknaraðili sótti um lóðina. Lóðin var minnkuð og fjarlægðin frá byggingarreit að lóðarmörkum er ekki lengur 11.5 m² heldur 5 m² sem veldur því að lóðarhafi getur ekki fullnýtt byggingarréttinn. Nýtt verð samsvarar því þeim fermetrum sem lóðarhafi getur byggt.

Heildargreiðsla fyrir byggingarétt, að meðtöldum gatnagerðargjöldum, er 123.689.570 kr. og er gjalddagi greiðslunnar 45 dagar frá úthlutun borgarráðs.

Hefji lóðarhafi ekki framkvæmdir innan tveggja ára frá úthlutunardegi fellur lóðarúthlutun þessi niður án sérstakrar tilkynningar borgarráðs um afturköllun lóðarúthlutunarinnar.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út.

Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu, heimlagngjöld og önnur gjöld eru innheimt af Veitum ofh. skv. gjaldskrá.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs.

Athygli er vakin á því að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðaleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og gildandi deiliskipulag. Lóðaskilmálarnir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari